

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega hinar heimt-
uðu upplýsingar og skýrslur svo fljótt sem
verða má.

Nr. 17/1901: Beneficiarius Skútustaða Árni pró-
fastur Jónsson sem umrádamaður
kirkjujarðarinnar Vindbelgjar.
 gegna
 eigendum Geirastaða.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði af hálfu eig-
enda bændajarðarinnar Geirastaða gegn umráða-
manni kirkjujarðarinnar Vindbelgjar, prestinum til
Skútustaða, Árna prófasti Jónssyni, út af landa-
merkjaágreiningi milli jarða þessara, og var því
ráðið til lykta með landamerkjadómi Þingeyjar-
sýslu, uppkveðnum 2. júní 1900, á þá leið, að
landamerki jarðarinnar skyldu vera: »Bein stefna
úr Merkihelli í Kerlingarnesi á hæsta topp Vind-
belgjarfjalls og þaðan í Helguhól«; dagpeningar
dómsmanna, 39 kr., ásamt ferðakostnaði oddvita
merkjadómsins eftir reikningi, skyldu greiðast að
helmingi af eigendum Geirastaða og að helmingi
af opinberu fé, en í héraði hafði varnaraðili haft
beneficium processus gratuiti.

Presturinn í Skútustaðaprestakalli, Árni pró-
fastur Jónsson, hefir nú að fenginni gjafsókn og
með skipuðum málflytningsmanni skotið áminstum

landamerkjadómi til yfirréttarins með stefnu út-
 gefinni 2. apríl f. á., og hefir hann krafist þess
 fyrir þessum rétti, að merkjadómurinn verði feld-
 ur úr gildi fyrir ýmsar sakir, og að málinu verði
 heimvísað, en að hinir stefndu verði dæmdir in
 solidum til að greiða allan af málinu leiðandi kostn-
 að, þar með talin hæfileg málsóknarlaun til hins
 skipaða sækjanda. Af hálfu hinna stefndu, eig-
 enda Geirastaða, hefir þess verið krafist í málinu,
 fyrst og fremst að því verði vísað frá yfirdómin-
 um, en til vara að merkjadómurinn verði stað-
 festur, að minsta kosti að því er snertir sókn ann-
 ars eigenda Geirastaða, Sigurðar Sigurjónssonar,
 og að hinum stefndu verði, hvernig sem málið fer,
 tildæmdur málskostnaður af opinberu fé eftir mati
 yfirdómsins.

Hinir stefndu hafa krafist frávisunar málsins
 fyrir þá sök, að frumritið af undirréttarskjali nr.
 4, lögfestu fyrir Vindbelg, sem ritað er í landa-
 merkjadómsgjörðirnar, eigi fylgdi með tédum dóms-
 gjörðum, þegar málið fyrst kom fyrir yfirréttinn,
 þar sem þó segir í dómmsgjörðunum, að frumritið af
 skjali þessu »ennfremur« fylgi þeim. Það þykir
 þó eigi þurfa að taka þessa frávisunarkröfu til
 greina, með því að áminst frumrit hefir síðar ver-
 ið framlagt í yfirdóminum undir rekstri málsins.

Þar sem áfrýjandi krefst þess, að landa-
 merkjadómurinn verði ómerktur fyrir sá sök, að
 annar af eigendum Geirastaða mætti eigi persónu-
 lega við sáttatilraun í málinu, en lét umboðsmann
 mæta fyrir sig, án þess að sanna lögleg forföll, þá

á þessi krafa eigi við rök að styðjast, með því að það sést af gögnum málsins, að málspartur sá, er sendi umboðsmann á sáttafundinn, átti heima utan sáttaumdæmisins, sbr. tilsk. 20. jan. 1797, 25. gr. og kgsbrj. 19. okt. 1798, 2. gr. a. — Þá hefir áfrýjandi vefengt umboðsskjal það, sem eigandi Geirastaða, sá er sótti málið í héraði, Sigurður Sigurjónsson, lagði fram sem málssóknarheimild frá hinum eigandanum, Bóthildi Hansdóttur, og færir það til, að skjalið sé ekki undirskrifað af henni. En í þessu efni skal þess getið, að áfrýjandi hreyfði engum mótmælum gegn málssóknarheimildinni (umboðinu) í héraði, fyr en sama daginn og málið var tekið undir dóm, og kannaðist hann þá jafnframt við, að hann hefði ekki viljað »hrinda umboðinu« við sáttafundinum af tillátssemi við sækjanda í héraði, en með þessu verður að álíta, að hann hafi samþykkt umboðið, og geti nú eigi fyrir yfirdómi vefengt það með árangri. — Loks hefir áfrýjandi tekið það fram, að afstöðu-uppdráttur hafi eigi verið lagður fram í málinu, og telur hann, að fyrir þá sök verði að ómerkja dóminn og heimvísa málinu, en með því að það eigi er réttarfarslegt skilyrði fyrir dómsáleggingu í landamerkjámálum, að afstöðu-uppdráttur sé fram lagður, ef málið án hans er nægilega glögt og ljóst, — en það sýnist þetta mál vera, — þá verður þessari ómerkingar- og heimvísunarkröfu eigi gaumur gefinn.

Að því er aðalefni málsins snertir, landamerkin milli jarðanna, þá eru málsaðilar sammála

um það, að þau séu eftir beinni stefnu úr Merki-
hellu í Kerlingarnesi á hátopp Vindbelgjarfjalls.
Þaðan telur áfrýjandi að þau eigi að vera eftir
beinni línu í botninn (σ: upptökin) á Brennukil og
svo eftir kil þessum út í Sandvatn, en hinir
stefndu, eigendur Geirastaða, álíta að merkin úr
Vindbelgjarfjallstopp eigi að vera eftir beinni línu
í Helguhól, og hefir landamerkjadómurinn samþykkt
þessa merkjastefnu. Í þessu efni hefir merkja-
dómurinn stuðst við lögfestu, gjörða af beneficiari-
us Múlastaðar, sem þá var umráðamaður Vind-
belgjar, og þinglesin hefir verið að Skútustöð-
um 30. maí 1699. Eins og áður er áminst, hefir
frumrit skjals þessa komið fram í réttinum, Eftir
skjali þessu er þrætulandið þá *ekki* eignað Vind-
belg, en eftir afstöðu þess getur eigi verið um
annað að tala en að það annað tveggja heyri und-
ir Geirastaði, Grímsstaði eða Vindbelg, eða sé sér-
stök eign (eyðijörð). Ekkert er komið fram í þá
átt, að landið heyri undir Grímsstaði, enda for-
tekur merkjadómurinn, að svo geti verið; eftir lög-
festunni var það eigi talið til Vindbelgjar árið 1699,
og eyðibýli það, Brenna, sem eftir jarðabókunum
á að hafa verið á þessu svæði (sbr. örnefnið
Brennukill) er talið í Geirastaðalandi (jarðabók
Árna Magnússonar). Þetta alt bendir fremur í þá
átt, að þrætulandið heyri undir Geirastaði. Þar
sem í málinu er getið um það, að á fyrri öld hafi
verið til lögfesta fyrir Geirastöðum, er hafi talið
landamerkin úr hátoppi Vindbelgjarfjalls í Brenn-
kil, eins og krafa áfrýjanda er, þá hefir lögfesta

Þessi ekki komið fram í málinu, og verður ekkert á henni byggt. — Um brúkun þrætulandsins á síðustu öld eru komnir fram ýmsir vitnisburðir í málinu, en engan veginn eru þeir svo skýrir eða ákveðnir, að þeir gefi ljósa og ótvíræða skýrslu um notkunina. Þó virðist svo sem þrætulandið hafi aðallega verið notað frá Greirastöðum fyrri hluta aldarinnar eða fram um 1850, en að það hafi frekar verið notað frá Vindbelg á síðari helming aldarinnar, einkanalega á árunum 1850—1880, en jafnframt er það komið fram í málinu, að eigandi Geirastaða, Bóthildur Hansdóttir, hafi verið óánægð með brúkun Vindbelgjarbónda á landinu, og að hún hafi látið þá óánægju í ljósi og viljað fara í málaferli út af henni, en úr því hafi þó ekki orðið, en þetta var á árunum eftir 1860.

Þegar athuguð eru þannig gögn þau og skilríki, sem legið hafa fyrir merkjadóminum við úrslitagjörð í málinu, verður eigi álitíð, að þau skeri svo úr um þrætuefnið, að merkjadómurinn hafi gjört lögleysu að efni til, er hann dæmdi þrætulandið undir Geirastaði, og með því eigi er að öðru leyti tilefni til að ónýta dóminn, verður að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður, og verða hinum skipaða málfærslumanni áfrýjandans við yfirdóminn eigi dæmd málsfærslulaun eftir þessum úrslitum, en það vottast, að sókn málsins af hans hendi hefir verið lögmæt. Ennfremur vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður.
ur. Málkostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 44/1901: Guðmundur Björnsson
geggn
W. Ó. Breiðfjörð.

Dómur:

Á almennum borgarafundi í Reykjavík, sem haldinn var 17. desbr.mán. 1900 í leikhúsi gagnáfrýjanda, kaupmanns W. Ó. Breiðfjörðs, hélt aðaláfrýjandi, héraðslæknir Guðmundur Björnsson, ræðu, og voru í henni ýmisleg ummæli, sem W. Ó. Breiðfjörð taldi meidandi fyrir sig. Hann höfðaði fyrir því meidyrðamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Guðmundi Björnssyni, og var það dæmt á bæjarþinginu 4. júlí f. ár, með þeim úrslitum, að ýms af hinum átöldu ummælum voru dæmd dauð og ómerk, að Guðmundur Björnsson var dæmdur til að greiða 60 kr. sekt til landsjóðs, en til vara til að sæta 15 daga einföldu fangelsi og að hann loks var dæmdur til að greiða stefnanda (gagnáfrýjanda) 60 kr. í málskostnað. — Bæjarþingsdómi þessum hefir héraðslæknir Guðmundur Björnsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. okt. f. ár, og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi, og að hann, aðaláfrýjandi, verði algjörlega sýknaður í málinu, en að stefni, W. O. Breiðfjörð, verði dæmdur til að greiða all-